



Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

Verkefnisstjórn rammaáætlunar Þriðji áfangi

Reykjavík 19. mars 2014.

Umsögn um tillögu um flokkun virkjunarkosta -
flutningur á Hvammsvirkjun úr biðflokki í nýtingarflokk.

Náttúruverndarsamtök Íslands gera eftirfarandi athugasemdir við þá tillögu verkefnisstjórnar 3. áfanga rammaáætlunar að Hvammsvirkjun verði færð yfir í nýtingarflokk:

Draga verður í efa þá forsendu ákvörðunar verkefnisstjórnarinnar, að útbreiðsla göngufiska í Þjórsá sé ekki náttúrulegur fyrir ofan Búða vegna fiskistiga sem gerður var árið 1991. Hafa verður í huga að stór hluti búsvæði laxa í vistkerfi Þjórsár er ofan Búða og um er að ræða einn stærsa laxastofn landsins.

Í skipunarbréfi til faghópsins eru línurnar strax lagðar á hlutlægan hátt þar sem segir: „...til þess að unnt sé að raða einhverjum þeirra eða öllum í nýtingarflokk á nýjan leik“. Af þessu orðalagi má ráða að faghópurinn ætti í raun að finna rök fyrir færslu virkjana í Þjórsá aftur í nýtingarflokk.


Full ástæða er til að endurmeta umhverfisáhrif virkjana í neðri Þjórsá og að þær verði metnar sameiginlega. Um áratugur er liðinn frá lokið var við gerð mats á umhverfisáhrifum Holta-, Hvamms- og Urriðafossvirkjana. Vakin er athygli að á þeim tíma dundi virkjanaflóðið yfir landsmenn, Kárahnjúkavirkjun, Norðlingaölduveita, auk fjölda annarra framkvæmda fylltu verkefnalista samtaka almennings um náttúruvernd. Landsvirkjun fór sínu fram óáreitt.

Telja verður líklegt að virkjanirnar Þrjár, Holta-, Hvamms- og Urriðafossvirkjun séu háðar hver annarri rekstrarlega séð. Náttúruverndarsamtökin leggjast gegn því að ein virkjun sé færð um flokk enda má ætla að að Urriðafossvirkjun verði færð í verndarflokk rammaáætlunar. Hvaða áhrif hefur það á áform Landsvirkjunar um að byggja hinar tvær virkjanirnar ofar í ánni? Salami-taktík?

Verkfræðingar Landsvirkjunar virðist hafa blæti fyrir stórum uppistöðulónum. Með fjölda stíflna og virkjana ofar í ánni verður að ætla að uppistöðulón Hvammsvirkjunar sé stærra en þörf er á. Náttúruverndarsamtökin telja nauðsynlegt að kanna hvort unnt sé að draga úr stærð uppistöðulóns Hvammsvirkjunar.

Áhrif Hvammsvirkjunar á byggð meðfram ánni yrðu umtalsverð. Fallegar eyjar, Viðey og Hagaey munu hverfa. Umhverfið yrði ónáttúrulegt.

F.h. stjórnar,

A handwritten signature in green ink, appearing to read 'Árni Finnsson'.

Árni Finnsson.